

## 2. gr.

Bann er í allri Árnæssýslu við flutningum á sauðfé og geitum til lífs milli hjarða. Sameiginlegar hrútasýningar eru bannaðar.

Á ósýktum svæðum og áhættusvæðum getur héraðsdýralæknir veitt undanþágu til samnýtingar hjarða á nágrennbæjum, enda verða hjarðirnar þá reiknaðar sem ein smiteining og báðar felldar ef upp kemur riða.

## 3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálmi og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálmi og þökum af túnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- a. hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

## 4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúshverfum í Árnæssýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúshverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.

## 5. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um skilgreiningu línubrjótafjár í Árnæssýslu.

## 1. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis hefur landbúnaðarráðherra ákveðið að í Árnæssýslu skuli frá og með haustinu 2004 farga öllu sauðfé sem kemur fyrir í réttum utan sinna heimarétta sbr. 2. gr.

Allt sauðfé sem kemur fyrir utan sinna heimarétta verður flutt beint í sláturhús, lömb lögð inn hjá skráðum eiganda en fullorðið fé bætt sem um línubrjóta væri að ræða.

## 2. gr.

Heimaréttir skilgreinast þannig:

<b>Svæði</b>	<b>Heimaréttir</b>
Biskupstungur	Tungnaréttir
Flói og Skeið	Skaftholts- og Reykjaréttir
Gnúpverjahreppur	Skaftholts- og Reykjaréttir
Grafningur	Selflatar-, Heiðarbæjar-, Ölfus- og Nesjavallaréttir. Fé sótt beint úr Húsmúlaréttum. Dalsrétt og Fossvallarétt.
Grímsnes, Mjóanes í Þingvallasveit	Kringlumýrarrétt, Klausturhólarétt og Laugarvatnsrétt.
Hlíðahólf	Úthlíð/Austurhlíð
Hrunamannahreppur	Hrunaréttir
Laugardalur	Kringlumýrarrétt, Klausturhólarétt, Efstadalsrétt og Laugarvatnsrétt
Selvogsfé	Selvogsréttir
Þingvallasveit	Heiðarbæjar-, Brúsastaða-, Selfatar- og Nesjavallaréttir. Ölfusrétt. Fé sótt beint úr Húsmúlaréttum. Dalsrétt í Mosfellsbæ, Kjósarrétt, Kollafjarðarrétt og Fossvallarétt.
Ölfus (utan Selvogs), Hveragerðisbær og Selfoss vestan Ölfusár	Ölfusrétt, Nesjavallarétt, Dalsrétt, Fossvallarétt, Húsmúlarétt og Selfatarétt

## 3. gr.

Sveitarstjórnir og fjallskilanevndir skulu hlutast til um að tiltækir séu dilkar fyrir sjúkt fé og línubrjóta. Í leitum skal vera tiltækt sérstakt flutningstæki fyrir grunsamlegar kindur.

## 4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.*

F. h.r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*